

118. fundur í rekstrarnefnd Klausturhóla haldinn á Hjúkrunarheimilinu Klausturhólum 7/12 2017 kl: 10:00

Mætt eru: Kjartan Magnússon formaður, Einar Bárðarson, Sigurlaug Jónsdóttir, Elín Heiða Valsdóttir og Matthildur Pálsdóttir hjúkrunarforstjóra. Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri mætti einnig til fundarins og Erla Ósk Færseth fulltrúi starfsmanna.

Formaður býður fundarmenn velkomna og gengið er til dagskrár sem var send út með fundarboði.

1. Skýrsla hjúkrunarforstjóra.

Matthildur fer yfir rekstur heimilisins frá síðasta fundi rekstrarnefndar. Nýting hefur verið yfir leyfilegum rýmum allt árið. Rými Klausturhóla er 17 hjúkrunarrými, 2 dvalarrými og 1 dagvistunarrými. Matthildur hefur rætt við tryggingarstofnun og hefur ekki fengið nein viðbrögð þaðan um greiðslur vegna umfram heimilismanna. Rekstrarnefnd hvetur sveitarstjórn til að beita sér áfram fyrir fjölgun hjúkrunarrýma á Klausturhólum þar sem húsnæði er til staðar og töluverð ásókn í að komast í vist á Klausturhólum.

Matthildur hefur verið að skoða netmál innan heimilisins og eru vandamál með nettengingar heimilisins. Áfram verður unnið að úrbótum á því vandamáli.

Starfsmannafundur var haldinn haldinn eftir síðasta fund rekstrarnefndar.

Mönnun hefur verið nokkuð góð og hefur ekki verið vandamál með mönnun upp á síðkastið.

Húsnæðismál eru í sama farvegi og áður, alltaf vantar húsnæði. Allir hafa þó bráðabirgðar húsnæði eins og staðan er í dag.

My time plan kerfið sem samþykkt var að innleiða er komið í notkun og er stefnt á að kerfið verði komið í fulla virkni um áramótin.

Rafspennuhögg 17.maí 2017 varð til þess að tjón á raftækjum innan heimilisins varð mikið.

Búið er að fá tjónið bætt og hefur verið gengið frá þeim tjónamálum sem komu upp innan Klausturhóla.

Erlendir starfsmenn Klausturhóla hafa farið í Íslenskunám og hefur það gengið vel.

Viðgerð á húsnæði. Leki sem kom upp á þaki hefur verið lagaður. Og hefur ekki borið á leka eftir viðgerð.

2. Fjárhagsáætlun Klausturhóla 2018

Ekki liggur fyrir hækkun á gjaldskrá frá Sjúkratryggingum Ísland en í áætluninni er gert ráð fyrir 4,4% hækkun á gjaldskrá í samræmi við þróun verðlags og launa í fjárlögum og er fjárhagsáætlun Klausturhóla byggð á þeim upplýsingum.

Byggt er á að launakostnaður hækki um 6,5% og að almennur rekstarkostnaður hækki um 2,7%.

Gert er ráð fyrir í áætluninni að uppgjör Lífeyrisskuldbindinga milli ríkis og sveitarfélaga ljúki á árinu 2017.

Gert er ráð fyrir heildar tekjum upp á 210.920 þús kr og rekstargjöld eru áætluð 213.669 þús. Fjármunatekjur eru áætlaðar 1500 þús kr og gert er ráð fyrir að tap verði 1.250 þús kr.

Rekstrarnefnd samþykkir fjárhagsáætlun ársins 2018 og vísar til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

*Handwritten signature: K.P. T.B.*

Fleira ekki gert á fundi.

Fleira ekki gert á fundi. Fundi slitið kl 11:30

Kjartan Magnússon

Kjartan Magnússon

Elín Heiða Valsdóttir

Elín Heiða Valsdóttir

Einar Bárðarson

Einar Bárðarson

Sigurlaug Jónsdóttir

Sigurlaug Jónsdóttir